



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 18. apríl 2017

Haldinn að Torfnesi. Fundur settur kl. 16:25. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, formaður BUR, Birgir Örn Birgisson, Guðmundur Einarsson, Sveinn Rúnar Júlíusson, gjaldkeri, Magnús Þór Heimisson og Ingi Björn Guðnason sem janframt ritaði fundargerð. Guðfinna Hreiðarsdóttir, gjaldkeri BUR mætti undir lið 2.

1. Fjármál

Sveinn gjaldkeri fór yfir stöðu fjármála. Rætt um sumarið, útgjöld og tekjur. Farið yfir fjáraflanir framundan og stöðu samstarfssamninga. Einnig var rætt um breytingar á keppnisferðakostnaði á komandi tímabili og rætt um mögulegar breytingar hvað það varðar ef tillaga Breiðabliks um þrefalda umferð verður samþykkt á KKÍ þingi.

2. KKÍ þing

KKÍ þing, Guðfinna Hreiðarsdóttir, gjaldkeri BUR mætti á fundinn undir þessum lið. Laugardaginn 22. Apríl fer fram þing Körfuknattleikssambands Íslands. Kjörbréf hafa þegar verið send til KKÍ og skuldir deildarinnar við sambandið gerðar upp. Farið yfir tillögurnar og afstaða Kkd. Vestra til þeirra mótið hvað flestar þeirra varðar. Nokkuð var rætt um tillögu Hattar um breytt fyrirkomulag varðandi elenda leikmenn. Einnig rætt um tillögu Breiðabliks um þrefalda umferð í 1. deild og tillögu stjórnar KKÍ um að Íslandsmót í Minnibolta 10 ára drengja og stúlkna verði tekið upp. Þá var að lokum rætt um tillögu KR um umfangsmiklar breytingar á keppnisfyrirkomulagi kvenna körfunnar. Inga Birni og Yngva Gunnlaugssyni, yfirþjálfara falið að fara yfir tillögu KR m.t.t. tillögu stjórnar og starfsmanna KKÍ sem fjallað var um á fundi um framtíð kvennakörfunnar þann 13. mars síðastliðinn.

3. Önnur mál. Engin önnur mál

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 17:35